



Reglur um úthlutun styrkja íþróttá- og tómstundanefndar Fljótshéraðs

1. gr.

Hlutverk

Íþróttá- og tómstundanefnd Fljótshéraðs auglýsir tvisvar á ári styrki til íþróttá- og tómstundastarfs og úthlutar þeim samkvæmt reglum þessum og með hliðsjón af stefnum sveitarfélagsins.

Framlag til úthlutunar er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

2. gr.

Styrkúthlutanir

Fljótshérað veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til íþróttá- og tómstundatengdra verkefna. Íþróttá- og tómstundanefnd getur ákveðið sérstakar áherslur við styrkúthlutun hverju sinni og verða þær þá að koma fram í auglýsingu.

Styrkir eru einungis greiddir út á því ári sem þeir eru veittir og færast ekki á milli ára nema sérstaklega sé um það samið.

3. gr.

Verkefnastyrkir

Sótt skal um styrki til íþróttá- og tómstundanefndar á rafrænu eyðublaði þar sem eftirfarandi kemur fram:

- gildi verkefnisins fyrir íþróttá- og tómstundastarf í sveitarfélaginu
- áætlun um framkvæmd, þar með skil lokaskýrslu
- fjárhagsáætlun verkefnisins
- aðrar fjármögnunarleiðir
- upphæð sem sótt er um

Verkefnastyrkir skulu hafa umsóknarfresti til og með 15. mars og 15. október.

4. gr.

Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum skal æskulýðsstefna og jafnréttisstefna Fljótshéraðs höfð til hliðsjónar.

Íþróttá- og tómstundanefnd áskilur sér rétt til að hafna umsóknum.



5. gr.

Umsækjendur um styrk verða að tengjast Fljótsdalshéraði með búsetu, eða með því að viðburðurinn fari fram á Fljótsdalshéraði eða feli í sér kynningu á íþrótta- og tómstundastarfi á Fljótsdalshéraði.

Við auglýsingu á viðburði eða verkefni skal styrkþegi láta styrkveitingu Fljótsdalshéraðs koma fram.

Reglur þessar skulu teknar til endurskoðunar eins oft og þurfa þykir.

Reglur þessar tóku gildi með samþykkt bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs 6. mars 2019.